



Námsvísir í íslensku í 6.bekk

Kennari/kennarar:	Birgitta Thorsteinson				
Tíma fjöldi	5-6 tímar á viku, 40 mínútna kennslustundir.				
Grunnpættir menntunar	Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.				
Lykilhæfni	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
	tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni.	lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.	- gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það, - tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.	notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.	gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi.
Kennsluaðferðir:	Samvera, leitarlestur, bókarýni, textarýni, framsögn, heimildavinna, verkefni unnin í verkefnabókum, skapandi ritun. Lestur bóka í nestistímum, yndislestur, heimalestur og samlestur í skóla. Verkefni unnin einstaklingslega, í paravinnu og hópavinnu.² Námsefni: Orðspor 1 og 2, lesbækur og vinnubækur, Málrækt 2, Annar smellur, Söguskinna, Mál í mótun, grunnbók og vinnuhefti, Skrift 6, Skræða, samlestrarbækur, stök verkefni frá kennara, stafsetningaræfingar, krossgátur, ýmis ritunarverkefni og vefslóðir.				
Námsmat	Leiðsögn yfir skólaárið með yfirferð verkefna og umræðum. Kannanir reglulega yfir skólaárið. Stöðupróf í lok anna. Skriftarpróf, Framsagnarpróf og lestrarpróf.  Framúrskarandi  Hæfni náð  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð				



Kennsluáætlunin er lifandi skjal og getur tekið breytingum á skólaárinu.

Tímabil	Námsþáttur og námsefni	Hæfniviðmið
Ágúst/ september	Málrækt bls. 4 - 18 Upprifjun/könnun og sagnorð. Að þekkja sagnorð og nútíð sagnorða. Mál í mótun bls. 4-17 Stafrófið, skipta orðum milli lína, skammstafanir, ng/nk reglan og um n/nn í endingu orða. Orðspor 1 ýmis verkefni. Skrudda bls. 3-8 Störf, sérnöfn og samnöfn og et/ft. Söguskinna bls. 6-11, flökkusögur Stafsetning, upplestur	Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
Október	Málrækt bls. 18 - 31 Mál í mótun bls.18-21 Leikur að orðum og orðaforði. Samskipti og samskiptaleiðir. Orðspor 1 bls. 20 - 27 Annar Smellur bls. 2-11 Ólíkir lestextar, fræðitextar og myndlestur Stafsetning ýmsir textar með helstu stafs.reglum.	Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
Nóvember	Málrækt bls. 32-37 sagnorð, nafnháttur, nútíð og þátíð og hljóðvarp Annar Smellur bls. 12-21 Bókmenntir, skriffæri, upplýsingar og auglýsingar. Skrudda bls. 8-13 sérnöfn og samnöfn, eintala og fleirtala, ritun og kyn nafnorða. Orðspor 1 bls. 90-97 tvöfaldur samhljóði og fjölmiðlar.	Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
Desember	Æfingar fyrir helgileik og jólaleikrit. Söguskinna bls. 25-33 Dagbækur og daglegt líf. Orðspor 1 bls. 80-87 Lesskilningur og rím	Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Hæfniviðmið út frá Aðalnámskrá
